

Ólafsfirði, 27. apríl 2014

Forsetningarnar á og í eru mestu ólíkindatöl þegar þær lenda með bæja- og staðanöfnum og ræður málvenja þá hvor þeirra er notuð. Hér í Ólafsfirði bera tveir bæir sömu nöfn og í Svarfaðardal, Auðnir og Hof. Samkvæmt málvenju heima á Jarðbrú bjuggu þar heiðursbændurnir Gústi (Ágúst) á Auðnum og Jón á Hofi. Þegar við fluttumst úr Svarfaðardal í Ólafsfjörð haustið 1966 komst ég fljótlega að raun um að hér bjó Anna í Auðnum og Guðmundur í Hofi.

Líklega býr enginn á Reykjavík ellegar í Húsavík við Skjálfanda. Fyrrum bjuggu menn í Ólafsfirði og var þá átt við bæði sveit og bæ en nú er algengt að sjá og heyra á Ólafsfirði.

Fyrir margt löngu barst notkun á og í með staðanöfnum í tal okkar Sverris Páls, kennara við MA. Hann hafði þá séð um þáttinn Daglegt mál í útvarpinu og mig minnir hann hafi fundið eitthvert munstur sem notkunin gæti fallið að.

Fyrir einum fimm árum fór ég að rifja upp notkun á og í með bæjanöfnum í Svarfaðardal, Skíðadal og á Upsaströnd og fann þá að heldur seint var í rassinn gripið því ég var ekki lengur alveg viss um suma bæina. Hafði ég þá samband við Björn G. Daníelsson frá Syðra-Garðshorni og Þorgils Gunnlaugsson, Sökku. Hér fylgir samantekt á málvenju okkar Björns, þeirra Sökkuhjóna, Olgu og Þorgils, og Jónu Snævarr, systur Þorgils, sem hann hafði samband við.

Bæir	Björn, Þórir	Þorgils, Olga, Jóna
Atlastaðir	Gunnlaugur (Laugi) á Atlastöðum	
Auðnir	Ágúst (Gústi) á Auðnum	Sama
Árgerði	Daníel í Árgerði	
Ásgarður	Valdimar í Ásgarði	Sama
Bakkagerði	Gestur í Bakkagerði	
Bakki	Þór á Bakka	
Bjarnarstaðir	Jónas á Bjarnarstöðum	... í Bjarnarstöðum
Blakksgerði	Þorsteinn (Steini) í Blakksgerði	
Brautarhóll	Sigurður í Brautarhóli	... á Brautarhóli
Brekka	Klemenz í Brekku	
Brekkukot	Tryggvi í Brekkukoti	Sama
Brimnes	Stefán á Brimnesi	
Búrfell	Ari á Búrfelli	
Böggvisstaðir	Jón á Böggvisstöðum	
Dæli	Gunnar í Dæli	
Efstakot	Skafti í Efstakoti	
Gljúp(u)rárkoti	Sigurður í Gljúp(u)rárkoti	Sama
Grund	Stefán á Grund	
Gröf	Júlíus (Júlli) í Gröf	
Gullbringa	Guðmundur í Gullbringu	
Göngustaðakot	Sigtryggur (Tryggvi) í Göngustaðakoti	
Göngustaðir	Þórarinn (Tóti) á Göngustöðum	
Hamar	Gunnlaugur (Laugi) á Hamri	Sama
Háls	Þorsteinn á Hálsi	
Hánefsstaðir	Friðrik (Fíi) í Hánefsstöðum	... á Hánefsstöðum
	<i>Ath.: Í gestabók Stekkjarahúsa, Krosshólshlátri, stendur í 1. bók bls. 98 í gangnalýsingu: „Menn voru almennt vel ríðandi, en Fíi á Hánefstöðum reið við staf.“</i>	

Helgafell	Kristján (Danni) í Helgafelli	
Hjaltastaðir	María á Hjaltastöðum	Sama
Hlíð	Alexander í Hlíð	
Hnjúkur	Kristinn á Hnjúki	
Holárkot	Jóhannes í Holárkoti	Sama
Hof	Jón á Hofi	
Hofsá	Gísli á Hofsá	
Hofsárkot	Sigvaldi í Hofsárkoti	Sama
Hóll fram	Friðbjörn (Fribbi) á Hóli	
Hóll niður	Karl (Kalli) á Hóli	
Hrafnstaðir	Jónmundur á Hrafnstöðum	
Hrafnstaðakot	Baldvin (Baldi) í Hrafnstaðakoti	
Hreiðarsstaðakot	Pórhallur í Hreiðarsstaðakoti	
Hreiðarsstaðir	Björn (Bjössi) á Hreiðarsstöðum	
Hrísar	Árni á Hrísum	
Húsabakki	Gunnar á Húsabakka	
Hverhóll	Friðrik á Hverhóli	Sama
Hæringsstaðir	Árni á Hæringsstöðum	
Ingvarir	Steingrímur (Steini) á Ingvörum	
Jarðbrú	Halldór (Dúddi) á Jarðbrú	
Karlsá	Guðmundur á Karlsá	
Klaufabrekknakot	Karl (Kalli) í Klaufabrekknakoti (Klaufrakoti)	
Klaufabrekkur	Hreinn á Klaufabrekkum	
Klængshóll	Hermann á Klængshóli	
Kot	Jónas í Koti	
Kóngsstaðir	Óskar á Kóngsstöðum	
Krosshóll	Eiður á Krosshóli	Sama
Laugahlíð	Jóhannes í Laugahlíð	
Melar	Halldór á Melum	
Miðbær	Stefán (Stebbi) í Miðbæ	Sama
Miðkot	Hafsteinn í Miðkoti	
Sakka	Gunnlaugur á Sökku	
Sandá	Arngrímur (Addi) á Sandá	
Sauðanes	Jón (Nonni) á Sauðanesi	Sama
Skáldalækur	Sveinbjörn á Skáldalæk	
Skeggsstaðir	Ingimar í Skeggsstöðum	... á Skeggsstöðum
Skeið	Einar á Skeiði	
Steindyr	Reimar á Steindyrum	
Svæði	Guðjón (Guddi) í Svæði	
Syðra-Garðshorn	Daníel í Syðra-Garðshorni	
Syðra-Holt	Sigurður (Siggi) í Holti	
Syðra-Hvarf	Áskell (Keli) á Hvarfi	
Sæla	Ingólfur í Sælu	Sama
Tjarnargarðshorn	Björn í Tjarnargarðshorni	
Tjörn	Hjörtur á Tjörn	
Tungufell	Guðmann (Manni) á Tungufelli	
Uppsalar	Þorsteinn (Steini í Uppsölum)	... á Uppsölum
Upsir	Arnór á Upsum	
Urðir	Einar á Urðum	
Vegamót	Steingrímur á Vegamótum	... í Vegamótum
Vellir	Sr. Stefán á Völlum	
Ytra-Garðshorn	Hjalti í Ytra-Garðshorni	
Ytra-Holt	Valtýr í Holti	
Ytra-Hvarf	Ólafur á Hvarfi	

Ytri-Másstaðir	Esther á Másstöðum	
Þorsteinsstaðir	Gunnlaugur (Gulli) í Þorsteinsstöðum	... á Þorsteinsstöðum
Þverá út/suður	Helgi á Þverá	
Þverá fram/í Skíðadal	Sveinn á Þverá	
Ölduhryggur	Björn (Bjössi) í Ölduhrygg	Sama

Hver er málvenja tengd húsum og íbúum neðan við Laugahlíð og Sundskálann?

-brekka fylgir sennilega svarfdælskri hefð, sbr. Klemenz í Brekku, en ekki hinni mjófirsku, Vilhjálmur á Brekku, en hvað með **Jörfatún** og **Laugaból**? Sennilegra er að Laugasteinsfólk búi í steininum að hætti dverga.

Eftirtekt vekur að þrjú nöfnin eru kennd við **laugar**, **Laugaból**, **Laugagerði** og **Laugasteinn** eins og steinninn uppi við lindina þar sem vatnið var upphaflega tekið í Sundskálann, en eitt við **laug**, **Laugarbrekka**.

Gullbrekka	Klemenz í Gullbrekku
Hlíðarbrekka	Ingvar í Hlíðarbrekku
<i>Jörfatún</i>	<i>Friðrik í Jörfatúni?</i>
<i>Laugaból</i>	<i>Lena í Laugabóli?</i>
Laugagerði	Marín í Laugagerði
Laugarbrekka	Björn í Laugarbrekku
Laugasteinn	Hjörleifur í Laugasteini

Í símtali við Olgu á Sökku bar í tal nafnið Rimar sem ég vandist í kvenkyni: að ganga á Rimar. Olga hafði hins vegar nafnið í karlkyni: að ganga á Rima. Örnefni styðja karlkynið, Stóririmi heitir þar í fjallinu en ekki Stórarim.

Fróðlegt væri að kanna hvort kyn orðsins er staðbundið, Rimarnar á vesturkjálka en Rimarnir á austurkjálka.

Ég segi líka rim (kvenkyn) í stiga. Hvað segja menn um það?

Þórir Jónsson frá Jarðbrú,
466 6221
bb16@simnet.is